

302. fundur

Fimmtudaginn 26. september 2024, kl. 13:00 kom verðlagsnefnd búvara saman í matvælaráðuneytinu. Fundinn sátu: Kolbeinn Hólmar Stefánsson, formaður, Elín Margrét Stefánsdóttir, Hrannar Már Gunnarsson, Rafn Bergsson, Reynir Þór Jónsson, Pálmi Villhjálmsson og Steinunn Bragadóttir. Hálfán Óskarsson sat fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Þá sat einnig fundinn Arnar Freyr Einarsson, MAR.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Verðlagsgrundvöllur kúabús

Lagðir fram framreiknaðir verðlagsgrundvöllir fyrir júní og september mánuð. Gjaldaliðir frá mars til júní hækkuðu um 2,15% og frá júní til september um 0,57%. Lágmarksverði mjólkur til bænda síðast breytt þann 1. janúar sl., byggt á verðlagsgrundvelli í desember. Samanlögð hækkun gjaldaliða frá síðustu verðlagningu til september nemur 2,28%. Verðlagsgrundvöllur staðfestur. Í kjölfar framreiknings júní grundvallar var ekki haldinn fundur. Lagðir voru fram útreikningar sem sýndu fram á afurðaverðstap bænda vegna þess að ekki hafi verið verðlagt á grundvelli júní framreiknings. Samþykkt að tilefni væri til þess að bæta upp fyrir tap bænda. Ákveðið að á næsta fundi verði tekin verðákvörðun til bænda og samhliða því tekin ákvörðun um útfærslu á afturvirkri hækkun á afurðaverði.

Bókun fulltrúa BÍ vegna boðunar funda: Samkvæmt verklagsreglum verðlagsnefndar búvara á að framreikna verðlagsgrundvöll ársfjórðungslega, grein 6.6, og eftir hvern uppreikning á nefndin að yfirfara niðurstöðuna og taka ákvörðun um breytingu á lágmarksverði, grein 6.7. Gerð er alvarleg athugasemd við að ekki sé boðað til funda í nefndinni eins og verklagsreglur gera ráð fyrir. Fulltrúar Bændasamtakanna í Verðlagsnefnd harma að ekki hafi verið boðað til fundar í nefndinni í júní og að nú sé orðið langt liðið á september. Er því sett fram sú krafa að nú í september 2024 verði verðlagt afturvirkt frá 1. júní sl.

2. Iðnaðarlíkan

Farið var yfir helstu stærðir í iðnaðarlíkani sem lagt er til grundvallar hækkunarþörf á heildsöluverði mjólkurvara. Hækkunarþörf líkansins vegna vinnslu- og dreifingarkostnaðar frá síðustu verðlagningu byggðri á útreikningum í desember 2023 nemur 4,12%. Farið var yfir forsendur og þróun í helstu kostnaðarliðum við mjólkurvinnslu. Hækkunarþörf hafa orðið öllum kostnaðarliðum og var farið sérstaklega yfir þróun launa-, orku og fjármagnskostnaðar. Afgreiðslu frestað þar til á næsta fundi.

3. Endurskoðun verðlagsgrundvallar

Farið var yfir drög að breytingartillögum á endurskoðuðum verðlagsgrundvelli. Samþykkt að fara betur yfir á næsta fundi.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 14:30.

Kolbeinn Hólmar Stefánsson

Arnar Freyr Einarsson